

Það var ekki laust við, að þeir væri snortnir af sama anda og einn af helztu mönnum kaþólsku kyrkjunnar þar vestra, sem spáði því, að sá dagur mundi koma, er páfinn sæist ganga til skrifstofu sinnar eftir helzta stræti bæjarins í venjulegum gönguklæðum með hvítan floshatt á höfðinu, alveg eins og aðrir dauðlegir menn. Hið lifandi virkilega líf var þeim fyrir öllu. Það andaði frá þeim hreinn sléttublær, látlauast frjálslyndi og víðsýni. Þeir tölzuðu blátt áfram, eins og skyldan bauð þeim. Þeir lýstu hinum nýja heimi og þjóðveldi hans, er ekki væri að eins stofnun heldur einnig dýrmætasti helgidómur lýðsins, ofinn saman við trú hans og líf. Þeir sýndu páfanum fram á, að Vesturheimsmaðurinn vildi vera frjáls, og mundi hiklaust segja skilið við kaþólsku kyrkjuna, ef hún vildi leggja annarleg bönd á hann sem borgara og meðlim þjóðfélagsins,— hann þyldi eigi *barnföstruaga frá kyrkjunni*. Þeir sýndu fram á, að þessi frelsisþrá væri ekki af illum toga spunnin. Hún væri helgur kraftur, sem ætti að glæða og efla. Ef kyrkjan ætti að lifa og þrifast í Amerísku, þá yrði hún að byggjast á lýðveldishugsjónum og starfa í þeim anda. Hún yrði að vera frjáls og fylgja tímanum, vaxa og eflast og rýmka sinn sjóndeildarhring. Þeir kváðust eiga sammerkt við landa sína í því, að elskar frelsi og víðsýni, alveg eins og þeir elskuðu kyrkjú og kristindóm. Og þeir kváðu það mundu verða bitur sorg og vonbrigði fyrir milliónir manna, ef ekki yrði hægt að sameina þessar tvær stefnur í skjóli hinnar almennu heilögú kyrkjú.

Hinir gömlu kardinálar og páfatrúarvaldsmenn gjörðu krossmark fyrir sér og stóðu sem steini lostnir yfir þessari makalausu óhæfu. Að heyra jafnvel kardinála tala svona og það við hinn heilaga föður. Svona orð! — þeim fanst anda úr þeim sléttubefur og þaralykt. Að heyra þau tölzuð á þessum helga stað!

En Leo sat rólegur og hlýddi með athygli á orð þeirra og íhugaði þau nákvæmlega. Og honum varð ekki bylt við.

Petta var honum opinberun, eins og himinsend sýn.— Það var eins og skýla félli frá augum hans. Hann sá opnast nýjan heim með nýrri stefnu og nýrri kyrkjú, sem þó væri í eðli sínu gamla kyrkjan. Hér sá hann markaða braut fyrir sig þennan